



Dagsetning: 17. janúar 2025  
Málsnúmer: 2501083/5.0

## Til fjölskyldunefndar

# MINNISBLAÐ

## Tillaga að breyttum reglum um stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð

Tillagan er lögð fram sem liður í samþættri þjónustu við eldra fólk í Fjarðabyggð og í tengslum við verkefnið Gott að eldast.

Þegar vinna hófst í átt að samþættri þjónustu heimahjúkrunar og heimaþjónustu kom fljótlega í ljós að mikilvægt væri að reglur um stuðningsþjónustu/heimaþjónustu þeirra sveitarfélaga sem tækju þátt í verkefninu yrðu samræmdar. Sú tillaga var lögð fyrir verkefnastjórn Gott að eldast og var samþykkt.

Í kjölfarið var ákveðið að fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúar sveitarfélaganna sjálfra auk sérfræðinga úr félags- og vinnumarkaðsráðneyti og heilbrigðisráðuneyti myndu taka að sér að leggja drög að samræmdum reglum og gjaldskrá.

Hugmyndin var að reglurnar styðji við **samþætta heimaþjónustu** sbr. A.1 í Aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027 sem lesa má hér:

[https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast\\_Adgerdaetlun.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Gottadeldast_Adgerdaetlun.pdf)

Þann 30. september var öllum félagsmálastjórum á landinu boðið til Teams kynning á vinnu hópsins þar sem kallað var eftir athugasemdum og var tekið tillit til einhverra þeirra við lokavinnslu.

Meðfylgjandi eru:

Drög að reglum sem bárust frá hópnum.

Eldri reglur Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu.

Tillaga að breyttum reglum út frá drögum hópsins.

Hópurinn vildi einnig koma eftirfarandi á framfæri í tengslum við vinnuna:

- Þessar reglur eiga líka við um einstaklinga 18 ára og eldri. Tilgangur þessara breytinga er til að **leggja sérstaka áherslu á eldra fólk**.
- **Markmið þessara breytinga** er að stærsti þjónustuþáttur sveitarfélagsins verði ekki þríf á heimilum eldra fólks, heldur **að efla það til sjálfstæðis og taka ábyrgð á eigin öldrun**.
- **Engin lagaleg skylda** liggur á sveitarfélögum um **að veita þrifaþjónustu** á heimili eða ræstingu.
- **Markmið stuðningsþjónustu**, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda **við athafnir daglegs**



**lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun.** Sveitarfélagi ber skylda til að sjá til þess að **félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi: heimaþjónusta, félagsráðgjöf og heimsending matar.**

- Sveitarfélög hafa mörg hver **dregið úr þjónustu vegna þrifa** og umsóknum einfaldlega synjað þar sem eingöngu er óskað eftir þrifum og þeim vísað á einkaaðila. Hækka þarf kostnaðarþátttöku notenda og líta þá til tekna og eigna umsækjenda.
- Horfa þarf til annarra möguleika s.s. nýta tæknina til að aðstoða við þrif t.a.m. ryksuguróbot. (Umræða í starfshóp hvort leggja ætti fram tillögu til stjórnvalda að leggja til að þrif séu metin af sveitarfélagi og fólk kaupir þau af einkaaðila og fái skattaafslátt í lok árs sbr. Svíþjóð).

Út frá tillögum starfshópsins og drögum að reglum hefur verið gerð tillaga að breytingum á reglum um stuðningsþjónustu í Fjarðabyggð.

Af því leiðir að mikilvægt er að gera sérstakar reglur um stoðþjónustu sem byggir á lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í eldri reglum Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu er bæði um að ræða stuðnings- og stoðþjónustu. Á því verður breyting með gildistöku reglna þessara.

Í tillögu frá starfshópi er ekki gert ráð fyrir snjómokstursþjónustu. Henni var því bætt við í tillögum að reglum Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu.

Virðingarfyllt

Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir

Stjórnandi félagsþjónustu

